

## USK Skipulag

---

**Frá:** Hrólfur Jónsson <hrolfurj@hi.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 9. júní 2020 22:36  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** umsögn vegna matsáætlunar borgarlínu

### Umsögn Vísindagarða um verk- og matslýsingu aðalskipulagsbreytinga Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar vegna Borgarlínu um Háskólasvæðið

Vísindagarðar Háskóla Íslands styðja við áform um Borgarlínu og þær mögulegu breytingar sem lagning hennar getur haft á ferða- og samgönguvenjur fólks. Þá til hagsbóta fyrir umhverfið, en einnig til að auka valmöguleika fólks hvað samgöngur varðar, draga úr ferðakostnaði og tíma sem að í þær fer, ásamt því að auka þægindi.

Líta ber á eftirfarandi umsögn fyrst og fremst sem ábendingar til skoðunar og til upplýsinga. Ekki eru gerðar neinar athugasemdir af hálfu Vísindagarða við legu Borgarlínu eins og hún er sýnd í kynningargögnum.

Vísindagarðar telja það afar jákvætt að Borgarlína verði látin fara um Suðurgötu, með biðstöð þar og taka undir umsögn Háskóla Íslands um málið.

Vísindagarða vilja jafnframt benda á og óska eftir að það verði skoðað að Borgarlína fari um Eggertsgötu út á Njarðargötu í stað Sturlugötu eins og sýnt er í núverandi tillögum. Bent er á að miðjulóðirnar þrjár á svæði Vísindagarða eru óbyggðar, þar á meðal Jónasartorg. Hægt væri að endurskoða skipulag þessara lóða í þá veru að setja Jónasartorg við Eggertsgötu í stað þess að miðjusetja þessa lóð á svæðinu eins og gert er í núverandi skipulagi. Þá snéri torgið til suðurs og mætti þá koma fyrir biðstöð Borgarlínu þar. Biðstöðin færðist þá einnig nær þétttri stúdentabyggð og byggðinni í Skerjafirði, heldur en ef hún fer um Sturlugötu. Einnig er bent á að fyrirætlanir eru um að koma fyrir Listaháskóla Íslands á svokölluðum G reit sem er svæðið austan Öskju. Í samningum milli Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar segir að þegar svæði þetta verður skipulagt og til verði lóð á G-reit verði hún á forræði Háskóla Íslands. Háskóli Íslands og Vísindagarðar telja það afar jákvætt að Listaháskólinn komi í Vatnsmýrina og þess vegna er mikilvægt að skoða þennan möguleika samhliða því sem að lega Borgarlínu er ákveðin. Og að lega hennar þrengi ekki að þessum möguleika. Um slíkt yrði ekki að ræða ef að hægt væri að láta hana fara um Eggertsgötu.

Ef að ekki er unnt að fara með Borgarlínu um Eggertsgötu telja Vísindagarðar að lega hennar um Sturlugötu sé einnig afar jákvæð. Og mætti þá einnig í því sambandi horfa á endurskoðun skipulags miðjulóðanna þriggja með hliðsjón af staðsetningu torgs og biðstöðvar Borgarlínu. Erfitt er að segja til um tímalínu uppbyggingar þessara lóða, en þó er bent á að uppbygging gæti hafist eftir um 1 ár á nyrstu lóðinni á miðjussvæðinu.

F.h. Vísindagarða Háskóla Íslands,

Hrólfur Jónsson,  
framkvæmdastjóri